

Nd.

909. Frumvarp til laga

[470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. maí.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfna í samráði við Félag þroskaþjálfna.

2. gr.

Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn vera formaður. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfna og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Um skipan skólastjórnar, starfsemi og starfshætti skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og fastráðna kennara. Skólastjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í uppeldis- og sálarfræði eða sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnum fólks með sérþarfir.

Fastráðnir kennarar skulu hafa lokið háskólaprófi eða öðru viðurkenndu prófi í kennslugrein sinni.

Skólastjórn ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjóra. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans.

5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

- a. 18 ára aldur,
- b. stúdentspróf eða tveggja ára nám í framhaldsskóla,
- c. störf í a. m. k. fjóra mánuði á stofnun með fötluðum.

6. gr.

Í reglugerð skulu vera nánari ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat og frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um undanþágur frá skilyrðum um menntun, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1977, um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávitastofnanir.